

Alþingi
Erindi nr. P 136/285
komudagur 2.12.2008


Akureyri 28. nóvember 2008.

Nefndasvið Alþingis.
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

F.h. Félags stjórnenda í öldrunarþjónustu er ítrekuð fyrri umsögn frá 13. desember 2007, um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, 50. mál.

Mælt er með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007, 50. mál. Tekið er undir þau sjónarmið í greinargerð að rétt sé að rýmka lagaákvæði í 5. gr. laganna þannig að náinn ættingi eða vinur geti átt rétt á umönnunargreiðslum. Þykir það réttlætismál að nánir ættingjar eða vinir sem ekki halda heimili með elli- eða örorkulífeyrisþega geti líka átt rétt á umönnunargreiðslum þegar þannig stendur á. Einnig er tekið undir þau sjónarmið að þessar breytingar muni gagnast þeim sérstaklega sem þurfa mikla umönnun og auka möguleika fólks á að búa sem lengst í heimahúsi eins og flestir óska sér.

F.h. Félags stjórnenda í öldrunarþjónustu,


Brit J. Bieltvedt formaður.